

vitneskju um það atriði hefði hvorki í sér fölgna sönnun á þenna veginn eða hinn.“

Þegar það er virt, sem rakið er hér að framan, og þar sem ekki verður séð, að í áðurgreindum álitserðum undir- og yfirmatsmanna hafi verið tekin sérstök afstaða til atriða þeirra, sem hér er beiðzt álits um, þykir rétt að leyfa hina umbeðnu dómkvaðningu, enda verður ekki séð, að það muni hefja munnlegan flutning málsins, og mikil verðmæti eru í húfi.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind dómkvaðning skal fara fram.

Föstudaginn 22. júní 1951.

Kærumálið nr. 14/1951.

Einar Bjarnason

gegn

Þorsteini Löve

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson,
próf. Ólafur Jóhannesson og hrl.
Ragnar Jónsson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörns-
sonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 21. maí 1951, sem hingað barst 8. júní s.l., hefur kærandi skotið til Hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 málskostnaðarákvæði í dómi bæjarþings Reykjavíkur, er uppkveðinn var 16. maí þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst hann hækkunar á þeim málskostnaði, er honum var í bæjarþingsdóminum dæmdur úr hendi varnaraðilja. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar litið er til málavaxta og kostnaðar, er sóknaraðili hefur haft af matsgerðum í máli þessu, þykir hæfilegt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 2500.00 í málskostnað í bæjarþingsmálinu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 300.00 kærúmálskostnað.

Dómsorð:

Varnaraðili, Þorsteinn Löve, greiði sóknaraðilja, Einari Bjarnasyni, kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og kr. 300.00 í kærúmálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Einar Bjarnason, Hjallavegi 68 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. maí 1950, og framhaldsstefnu, útgefinni 14. sept. s.l., gegn Þorsteini Löve múrsmíðameistara, Sigtúni 35 hér í bæ. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur, að fjárhæð kr. 21.650.00 með 6% ársvöxtum frá 6. marz 1948 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til vara hefur hann krafizt lækknar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að snemma á árinu 1944 varð að samkomulagi með stefnanda og Guðmundi Jóhannssyni trésmið, að Guðmundur tæki að sér að starfa að byggingu húss fyrir stefnanda á lóðinni nr. 68 við Hjallaveg hér í bænum. Húsið skyldi byggt úr vikurholsteini eftir teikningu, er húsameistari einn gerði. Guðmundur fékk síðan stefnda til að rita á teikningu hússins sem múrsmið, en sjálfur ritaði hann á teikninguna sem trésmiður. Hófst síðan bygging hússins, og vann stefndi lítilsháttar að henni. Virðist smíði hússins að mestu hafa verið lokið í aprilmánuði 1945, og nokkru síðar flutti stefnandi í það. Hús þetta mun vera þinglesin eign eiginkonu stefnanda, en hann hefur fengið framseldar allar kröfur vegna meintra galla á því.

Með stefnu, útgefinni 7. janúar 1948, höfðaði nefndur Guðmundur mál fyrir bæjarþinginu gegn stefnanda til heimtu eftirstöðva byggingarkostnaðar hússins, er hann taldi sig eiga hjá stefnanda. Með stefnu, útgefinni 6. marz s. á., höfðaði stefnandi gagnsök í máli þessu og krafði Guðmund um bætur vegna galla, er hann taldi vera á byggingunni og Guðmundur bæri ábyrgð á. Þann 22. janúar 1949 stefndi stefnandi stefnda inn í mál þetta sem sakauka og gerði þar þær kröfur á hendur honum, að hann

yrði dæmdur til að greiða fyrrgreindar skaðabætur in solidum með nefndum Guðmundi. Með dómi, uppkveðnum á bæjarþinginu 27. apríl 1949, var sakaukamálinu vísað frá dómi. Dómur í máli þeirra Guðmundar og stefnanda var uppkveðinn þann 9. maí 1950. Var Guðmundur talinn bóta-skyldur vegna galla á trésmíði, en hins vegar sýknaður af bótakröfum stefnanda vegna galla á múrsmíði, þar sem hann var eigi talinn bera ábyrgð á því. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað.

Stefnandi skýrir svo frá, að fljótlega eftir að hann flutti í húsið, hafi komið fram verulegir gallar á því. Hafi hann kvartað um þetta við nefndan Guðmund um veturinn 1946 og þá getið þess, að sprunga hefði komið fram á austurhlíð þess og rynni þar vatn inn. Hafi Guðmundur þá talið að brjóta þyrfti upp þakrennur hússins og steypa þær að nýju og hafi hann lofað að gera þetta. Ekkert hafi orðið af framkvæmdum. Þá kveðst stefnandi hafa kvartað um þetta um haustið 1947 við Guðmund þenna. Hins vegar hafi hann ekki rætt um þetta við stefnda, enda þá ekki talið sig eiga aðgang að honum um lagfæringu á göllum á húsinu.

Þann 20. desember 1947 fékk stefnandi dómkvadda tvo sérfróða menn til þess að segja álit sitt um, hvað gera þurfi við húsið, til þess að for-svaranlega verði bætt úr göllum á því og hvað slík viðgerð mundi kosta. Enn fremur hve mikla verðyrnun mætti telja leiða af byggingargöllum hússins. Í matsgerðinni, sem dags. er 8. janúar 1948, segir svo:

„Húsið er hlaðið úr vikurholsteini ofan á steiptan kjallara, og eru innveggir á báðum hæðum steiptir og enn fremur loft yfir báðum hæðum. Útveggir eru ekki frekar einangraðir en með þeirri einangrun, sem í vikursteininum felst, og engin einangrun er þar, sem loft og innveggir koma að útveggjum. Kemur því á þessum stöðum fram rakamyndun.

Á austurhlíð hússins voru sýnilegar láréttar sprungur utanhúss, skeljahúðun hafði dottið af dyrafalsi við forstofudyr. Reykháfur var óhúðaður og mjög illa gengið frá honum við þak. Innanhúss voru nokkrar skemmdir á dúk í kjallara. Sprungur allvíða á húðun veggja bæði í kjallara og hæðinni, en bæði málning og einkum múrhúðun sérlega óvönduð, og virðist blöndun sú, er notuð hefur verið til múrhúðunar, og blöndun í steypu í innveggjum kjallara gerð af handahófi og ekki úr réttum efnum. Nokkuð hefur borið á leka meðfram gluggum og með opnanlegum gluggarömmum. Þá er frágangur á rennihurðum á hæðinni ekki góður, og þarf hann umbóta við. Smíðaviður hefur ekki allur verið vel þurr og ber nokkuð á, að hurðir, einkum skápahurðir, séu undnar. Auk þess ber all víða á, að tréverk hafi gisnað. Rafmagnsleiðslum, einkum í kjallara, er sagt ábótavant, en um það skal þó ekkert fullyrt, þar sem við höfðum ekki tök á að ganga úr skugga um það, að öðru leyti en því sem sýnilega er ógert og virðist aldrei hafa verið gert.

Hvað viðvíkur spurningum þeim, sem fyrir okkur eru lagðar, skal þetta tekið fram:

- a. Framkomnar sprungur utanhúss þarf að höggva upp og fylla í með plastikkitti eða öðru jafngóðu efni og húða síðan yfir með vatnsvarðri húðun, t. d. með cika, áður en skeljahúðun er lögð yfir.

- b. Þar sem skelin er laus á húsinu, þarf að skafa hana af og leggja nýja skel í kalklausa sement-sandblöndu. Enn fremur á að ljúka við húðun utan húss, t. d. á reykhláf og kjallara.
- c. Taka þarf dúka af gólfum og stofum, sem farið hefur verið að nota, áður en lím undir þeim var fullharðnað, bera undir þá á ný, valsa þá vel og láta límið fá nægan tíma til að harðna, áður en á þeim er gengið.
- d. Fram komnar sprungur á herbergjum þarf að höggva upp og múra eða gipsa í þær. Síðan þarf að slétta vegg og búa þá vel undir málningu, t. d. rífa ójöfnur með steini og spartsla þá síðan, áður en málað er.
- e. Fella þarf á hurðir, þar sem mest gætir mismunar, og fá nýjar hurðir í í stað þeirra, sem mest eru undnar. Þá gæti það haft áhrif á rakamyndun milli lofts og útveggja á hæðinni að leggja lag af sagspónum, 25—30 cm þykkt, allt í kring á háalofiti, þar sem þak mætir gólfi. Lag þetta þyrfti að ná 75—100 cm inn á gólfið. En það, sem við teljum mestu máli skipta fyrir góðan árangur af viðgerðinni, er, að þeir, sem framkvæma hana, hafi næga iðnmenntun á sínu sviði og séu vandvirkir menn, sem beri virðingu fyrir starfi sínu.

Kostnað við að bæta úr þeim ágöllum, sem að framan eru taldir, teljum við hæfilega metinn á kr. 15.300.00 — fimmtán þúsund og þrjú hundruð krónur — og er þá tekið tillit til leigutaps og óþæginda, sem af viðgerðinni hlýzt.

Verðyrnun á húsinu stendur í réttu hlutfalli við viðgerðarkostnaðinn.“

Þann 18. febrúar 1948 fékk stefnandi dómkvadda þrjá sérfróða yfirmatsmenn til að skoða húsið, og voru lagðar fyrir þá sömu spurningarnar og undirmatsmennina. Í matsgerð þeirra, sem dags. er 3. marz 1948, segir svo:

„Um lýsingu á húsinu, byggingarmáta og göllum viljum við vísa til lýsingar undirmatsmanna, sem er í öllum atriðum rétt. Þó viljum við taka fram, að vinna á múrverki hefur verið frá byrjun mjög gölluð og vægast sagt ekki forsvaranleg. Enn fremur hefur tréverki verið nokkuð ábótavant.

Kostnaður við að bæta úr göllum þeim, sem að framan eru taldir, teljum við hæfilega metinn á kr. 20.400.00 — krónur tuttugu þúsund og fjögur hundruð — og er þá tekið tillit til óþæginda, sem af viðgerðinni hlýzt. Það skal tekið fram, að matskostnaður sá, er við reiknum með, er miðaður við, að húsið sé sambærilegt við önnur hús, byggð úr sama efni. En hús úr vikurholsteini fullnægja aldrei gæðum velbyggðra steinhúsa.“

„Mat sitt sundurliða yfirmatsmennirnir þannig:

Tréverk	kr. 1.700.00
Múrverk	— 6.800.00
Málning	— 8.400.00
Vinnupallar	— 600.00
Höggverk og viðgerð á rennu	— 1.200.00
Viðgerð á gólfduki	— 500.00
Húsaleigutap	— 1.200.00

Samtals Kr. 20.400.00“

Stefndi var ekki viðstaddur, er umrædd mót fóru fram, og hefur hann mótmælt þeim sem óbindandi fyrir sig.

Þann 21. júní 1950 fékk stefnandi enn dómkvadda tvo menn til að skoða galla á umræddu húsi og meta, hvað kosta muni að bæta úr göllumum. Í matsgerð manna þessara, sem dags. er 1. júlí 1950, segir svo:

„Við athugun á húsinu sáum við, að þeir gallar, sem um getur í matsgjörð á húsinu, dags. 8. jan. 1948, eru sjáanlegir og hafa líklega aukizt, t. d. skemmdir á dúk og málningu, og teljum við því ekki þörf á að lýsa þeim nánar en þar er gert. Kostnað við að bæta úr göllum þessum, að undanskildu tréverki, teljum við hæfilega metinn á kr. 21.650.00 — tuttugu og eitt þúsund sex hundruð og fimmtíu krónur.“

Mat sitt sundurliðuðu matsmennirnir þannig:

Múrverk	kr. 7.500.00
Málning	— 9.250.00
Vinnupallar	— 700.00
Höggning og viðgerð á rennum	— 1.400.00
Viðgerð á gólfduki	— 1.600.00
Húsaleigutap	— 1.200.00

Kr. 21.650.00

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi hafi með áritun sinni á teikningu hússins tekið á sig ábyrgð á, að múrsmíði þess væri forsvaranlega af hendi leyst. Af þessum sökum beri hann ábyrgð á göllum þeim, sem á múrsmíðinni kunna að vera, og sé skaðabótaskyldur vegna þeirra galla.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ritað á teikningu hússins að þrábeiðni Guðmundar Jóhannssonar. Hafi hann þá strax tekið fram við Guðmund, að hann hefði ekki tíma til að taka að sér eftirlit með byggingu hússins og vildi enga ábyrgð á sig taka. Þá hafi hann enga greiðslu tekið fyrir áritunina. Guðmundur hafi einn haft með smíði hússins að gera, þar á meðal ráðið menn til verka. Sjálfur kveðst stefndi aðeins hafa hlaðið upp vegg með Guðmundi og nema hans og húðað húsið utan með skeljasandi. Hafi hann unnið það verk í tímavinnu og Guðmundur greitt kaup fyrir.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að hann beri enga ábyrgð á göllum þeim, sem á múrsmíði hússins kunni að vera, þar sem hann hafi undanskilið sig þeirri ábyrgð í samningum sínum við Guðmund Jóhannsson.

Stefndi hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa ritað á teikningu hússins sem ábyrgur múrsmiður við múrsmíði þess, en kveðst hafa gert það í greiða skyni við Guðmund Jóhannsson, er hafi áður verið búinn að aðstoða hann við húsbygginguna. Þá hefur stefndi viðurkennt, að hann hafi séð um, að byggingarfulltrúi Reykjavíkurbæjar skoðaði grunn hússins og komið þá fram sem múrsmiður þess. Enn fremur hafi hann fengið byggingarfulltrúann til að koma og skoða járn í lofti hússins. Svo virðist sem ófaglærðir menn hafi að mestu unnið að múrsmíði hússins, en stefndi

hefur viðurkennt að hafa eitthvað litið eftir þeim við vinnuna, og hann vann sjálfur að hleðslu veggja og fékk menn til að múrhuða húsið. Þá vann hann sjálfur að húðun hússins að utan. Þegar þetta er virt, verður að telja sannað, að stefndi hafi tekið að sér að sjá um, að múrsmíði hússins væri forsvaranlega af hendi leyst, og ber hann ábyrgð á, að svo hafi verið gert. Getur stefnandi því beint kröfum sínum vegna galla á múrsmíðinni að honum. Telja verður stefnanda óviðkomandi, þótt stefndi kunni að hafa undanskilið sig ábyrgð í samningum sínum við Guðmund Jóhannsson, en þær staðhæfingar stefnda eru ósannaðar. Verður sýknukrafa stefnda því ekki á þessu byggð.

Þá hefur stefndi byggt sýknukröfu sína á því, að bótakrafa stefnanda sé allt of seint fram komin. Hann hafi aldrei kvartað um galla á múrsmíði hússins árum saman, eftir að hann flutti í húsið, og stefnda hafi fyrst orðið kunnugt um þá á árinu 1949.

Í málinu er fram komið, að stefnandi hafði sjálfur engin skipti við stefnda, meðan á byggingu hússins stóð, heldur átti eingöngu við Guðmund Jóhannsson, og að honum beindi hann því fyrst kröfum sínum. Þegar þetta er virt, þykir stefnandi ekki hafa firrt sig rétti til að hafa uppi kröfur gegn stefnda með aðgerðaleyfi sínu. Verður því þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Dómendur hafa farið á staðinn og skoðað húsið og galla þá, sem á múrsmíði þess eru taldir. Fallast verður á, að gallar þessir, sem réttilega eru taldir í matsgjörðum þeim, sem að framan er getið, séu það verulegir, að stefnandi eigi rétt til bóta vegna þeirra.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð matsgjörðar hinna dómkvöddu manna sem allt of hárrí. Þykir því eftir atvikum rétt að athuga hina einstöku liði matsgjörðarinnar frá 1. júlí 1950, hvern fyrir sig.

Um 1. Liður þessi hefur engum rökstuddum andmælum sætt, og þar sem hann virðist réttilega reiknaður og sanngjarn, verður hann tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Hefur hann bent á, að viðgerð á húsinu hafi dregizt óhæfilega lengi, en viðgerð muni fyrst hafa farið fram á s.l. hausti. Af þessum sökum hafi skemmdir á málningu orðið óeðlilega miklar og geti hann ekki verið bótaskyldur vegna þess.

Fallast má á, að viðgerð á húsinu hafi dregizt óþarflega lengi og að af þeim sökum hafi orðið meiri skemmdir á málningu en þurft hefði. Með vísan til þess og þess, að húsið hefur nú verið notað óviðgert í rúm fimm ár, þykir verða að lækka þenna lið. Þykir hann í þessu sambandi hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Um 3. og 4. Liðum þessum virðist mjög í hóf stillt og þar sem þeir hafa engum rökstuddum andmælum sætt, verða þeir teknir til greina að öllu leyti.

Um 5. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum með vísan til þeirra raka, sem um getur, er rætt var um 2. lið.

Með vísan til þess, sem segir um lið 2, þykir þessi liður hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Um 6. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem röngum og sér óviðkomandi.

Í málinu hafa ekki komið fram nein rök fyrir því, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru húsaleigutjóni vegna galla þessara. Þykir því ekki unnt að taka þenna lið til greina.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 11.300.00 (7500.00 + 1200.00 + 700.00 + 1400.00 + 500.00) með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá greiði stefndi stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Gústaf E. Pálsson verkfræðingur og Jón Bergsteinsson múrarmeistari kváðu upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn Löve, greiði stefnanda, Einari Bjarnasyni, kr. 11.300.00 með 6% ársvöxtum frá 6. marz 1948 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1951.

Kærumálið nr. 16 1951.

Árnason, Pálsson & Co. h/f

gegn

Herluf Clausen

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson, próf. Ólafur Lárusson og hrl. Ragnar Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Sölustjóri ekki bær að binda hlutafélag fyrir dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 13. júní s.l., sem hingað barst 14. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 1. júní s.l., þar sem kröfum sölustjóra áfrýjanda um að sækja þing af hálfu áfrýjanda var